

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/448*  
*komudagur 1.12.2006*

**Minnisblað**

**Efni: Svör við fyrirspurnum efnahags- og viðskiptanefndar um 357. mál. á 133. löggjafarþingi.**

**Til: Efnahags- og viðskiptanefndar**

**Frá: Þórði Reynissyni**

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þann 28. nóvember sl. var óskað eftir frekari upplýsingum um útsöluverðspróun á bensíni og dísilolíu, tekjur ríkissjóðs af olúgjaldi og hvort þær hafi runnið til Vegagerðarinnar. Hér að neðan verður gerð grein fyrir framangreindum þáttum.

**Tekjur af olúgjaldi**

Í fjárlögum fyrir árið 2006 var áætlað að sala á gjaldskyldri dísilolíu yrði um 80 milljónir lítra á ári og að tekjur ríkissjóðs vegna vegna þeirrar sölu yrðu rúmlega 3,4 milljarðar króna á árinu 2006. Sala á gjaldskyldri olíu hefur verið meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2006 en í frumvarpi til fjárlaga 2007 er áætlað að árleg sala á gjaldskyldri olíu sé um 110 milljónir lítra sem skili ríkissjóði um 4,5 milljörðum í tekjur. Í töflunni hér til hliðar má sjá álagningartölur RSK á gjaldskylda dísilolíu frá upptöku olúgjalds í júlí 2005. Með hliðsjón af framangreindu er rétt að benda á að innflutningur fólksbifreiða og annarra bifreiða hefur aukist verulega að undanförmu og hlutfall dísilknúinna fólksbifreiða, af heildarfjölda innfluttra fólksbifreiða, hefur meira en tvöfaldast eftir upptöku olúgjaldsins. Þá má enn fremur benda á að landflutningar hafa aukist mikið á undanförmum árum sem leiðir til aukinnar notkunar á dísilolíu.

**Álagning gjaldskyldrar olíu**

Ár	Tímabil	Lítrar	Fjárhæð
2005	Júlí	10.611.201	435.059.241 kr.
2005	Ágúst	11.086.589	454.550.149 kr.
2005	September	10.492.133	430.177.453 kr.
2005	Október	10.363.044	424.884.804 kr.
2005	Nóvember	10.246.962	420.125.442 kr.
2005	Desember	9.612.527	392.883.603 kr.
2006	Janúar	10.094.373	413.869.271 kr.
2006	Febrúar	9.095.337	372.908.817 kr.
2006	Mars	11.460.438	469.877.958 kr.
2006	Apríl	10.559.909	432.956.269 kr.
2006	Mái	12.158.268	498.488.988 kr.
2006	Júní	13.299.276	545.270.316 kr.
2006	Júlí	14.378.963	589.537.483 kr.
2006	Ágúst	13.887.434	569.384.794 kr.
2006	September	12.090.794	495.722.554 kr.
	<b>Samtals:</b>	<b>169.437.248</b>	<b>6.945.697.142 kr.</b>
	<b>Meðaltal:</b>	<b>11.295.817</b>	<b>463.046.476 kr.</b>

**Tekjur Vegagerðarinnar**

Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum, skulu innheimtar tekjur af olúgjaldi, kílómetragjaldi og sérstöku kílómetragjaldi samkvæmt lögunum renna til Vegagerðarinnar að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laganna. Tekjur af olúgjaldi hafa runnið til Vegagerðarinnar í samræmi við ofangreind fyrirmæli laganna.

**Þróun útsöluverðs á bensíni og dísilolíu**

Á myndinni hér að neðan má sjá þróun útsöluverðs á bensíni og dísilolíu frá upptöku olúgjalds í júní 2005 til og með október 2006. Á myndinni er miðað við að útsöluverð á báðum orkugjöfunum sé 100 þann 1. júlí 2005.

